

Umsjón: Kjartan Gunnar Kjartansson

Stórafmæli

90 ára

Elisabet R. Jónsdóttir,
Árskógum 2, Reykjavík.

80 ára

Friedel H. Jónsson,
Hveravík, Drangnesi.
Tómas Gréttar Sigfússon,
Kelduhvammí 1, Hafnarfirði.

75 ára

Helga Þráinsdóttir,
Vallholtsveg 17, Húsavík.
Ingibjörg J. Helgadóttir,
Lyngmóum 2, Garðabæ.

70 ára

Auðbjörg Sigursteinsdóttir,
Borgarsíðu 20, Akureyri.
Emilía Jóhannesdóttir,
Eyjabakka 6, Reykjavík.
Þorsteinn Aðalsteinsson,
Geitjarströnd 2, Reykjavík.

60 ára

Gunnar Fríðrik Magnússon,
Blönduhlíð 25, Reykjavík.
Haukur Már Kristínsson,
Dalbraut 9, Bíldudal.
Óli Einar Adólfsson,
Eyrargötu Ásgarði, Eyrarbakka.
Steingrímur Svavarsson,
Ásabraut 29, Sandgerði.

50 ára

Bjarni Sveinn Sveinsson,
Hátúni 25, Eskifirði.
Ingigerður Á. Guðmundsdóttir,
Grenimel 26, Reykjavík.
Óskar Valtýsson,
Bröttugötu 37, Vestmannaeyjum.
Rakel Kristín Káradóttir,
Klausturhvammí 36, Hafnarfirði.

40 ára

Bjartþór Jóhannsson,
Skólavegi 56, Fáskrúðsfirði.
Hafsteinn Vilhjárnason,
Guðrúnargötu 6, Reykjavík.
Helgi Arent Pálsson,
Vallargerði 26, Kópavogi.
Jónas Magnús Ragnarsson,
Skógarhlíð 37, Akureyri.
Ósk Knútsdóttir,
Lækjarhalla 2, Kópavogi.
Soffía Ófeigsdóttir,
Rjúpnahæð 3, Garðabæ.
Vilhjálmur Steinar Einarsson,
Akurhúsum, Garði.

Sjötugur

Snorri Hjartarson

rafvirkjameistari á Akranesi

Snorri Hjartarson rafvirkjameistari, Heiðarbraut 38a, Akranesi, er sjötugur í dag.

Starfsferill

Snorri fæddist á Hellissandi og ólst þar upp. Hann flutti á Akranes 1946 og stundaði þar nám við Iðnskóla Akraness en 1947 hóf hann nám í rafvirkjun hjá Raftækjavinnustofu Knúts og Ármanns. Að loknu sveinsprófi 1952 rak Snorri rafmagnsverkstæði á Akranesi ásamt Sigurdór Jóhannssyni rafvirkjameistara. Þá var hann um tíma við rafvélavirkjun í Reykjavík.

Hann hlaut meistaraáráttindi 1955 og landslöggildingu 1957 en sama ár hóf hann störf hjá Sementsverksmiðju ríkisins við uppsetningu á háspennubúnaði verksmiðjunnar. Snorri varð síðan aðstoðarverkstjóri á rafmagnsverkstæði verksmiðjunnar. Hann öðlaðist háspennuréttindi 1962 eftir að hafa lokið tilskildu bóklegu námi, sem fram fór í Vélstjórnarskólanum í Reykjavík á vegum Rafmagnseftirlits ríkisins, og verklegri þjálfun sem fram fór á Akranesi. Hann starfaði á rannsóknarstofu tækni-deildar Sementsverksmiðju ríkisins 1975-96 en starfaði síðan sem rafverktaki á Akranesi.

Fjölskylda

Snorri kvæntist 21.6. 1952 Helgu

Kristínu Bjarnadóttur, f. 2.3. 1931, d. 27.5. 1990, húsmóður en hún var dóttir Bjarna Magnúasar Kristmannssonar bifreiðarstjóra og Ásthildar Guðmundsdóttur húsmóður.

Sambýliskona Snorra er Ása Guðmundsdóttir, f. 28.1. 1934, húsmóðir. Foreldrar hennar voru Guðmundur Max Guðmundsson, húsasmiður á Rangá í Rangárvallasýslu, og Sigríður Stefánsdóttir.

Börn Snorra og Helgu Kristinar eru Hjörtur Snorrason, f. 11.3. 1957, rafmagnstæknifræðingur í Reykjavík, kvæntur Ingibjörgu Mariu Jóhannsdóttur, f. 24.4. 1958, sjúkraliða, og eiga þau tvö börn, Bergþóru Ólafsdóttur, f. 29.9. 1984, og Helgu Kristínu Hjartardóttur, f. 30.6. 1989; Ásthildur Bjarney Snorradóttir, f. 14.9. 1952, talmeinafræðingur í Reykjavík, gift Þorsteini Sigurjónssyni, f. 25.12. 1947, vélsmið og eiga þau tvö börn, Snorra Þorsteinsson, f. 10.9. 1983 og Guðrúnu Svövu Þorsteinsdóttur, f. 2.4. 1986; Margrét Snorradóttir, f. 22.10. 1961, bankastarfsmaður á Akranesi, gift Ármanni Haukssyni, f. 25.12. 1957, rafvirkjameistara, og eru börn þeirra Haukur Ármannsson, f. 1.4. 1985 og Sigrún Eva Ármannsdóttir, f. 10.5. 1993.

Snorri er elstur sjö systkina. Systkini hans: Hreinn Hjartarson, f. 31.8. 1933, sóknarprestur í Reykjavík, kvæntur Sigrúnu Halldórsdóttur

ur kennara og eiga þau fjögur börn; Rafn Hjartarson, f. 27.7. 1935, húsasmiðameistari og nú bankastarfsmaður á Akranesi, kvæntur Elsu Guðmundsdóttur húsmóður og eiga þau tvö börn; Hróðmar Hjartarson, f. 25.10. 1939, rafvirkjameistari á Akranesi, kvæntur Svövu Finnbogadóttur skrifstofumanni og eiga þau þrjú börn; Jón Jóhann Hjartarson, f. 20.1. 1942, leikari í Reykjavík, kvæntur Ragnheiði Tryggvadóttur leikara og eiga þau tvö börn auk þess sem Jón á tveir dætur frá því áður; Aðalheiður Hjartardóttir, f. 19.8. 1947, nú lätin, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, gift Valgeiri Ástráðssyni sóknarpresti og eiga þau fjögur börn; Vigfús Hjartarson, f. 25.6. 1956, skrifstofustjóri í Reykjavík, kvæntur Sigurborgu dóttur og á hann þrjú börn.

Foreldrar Snorra: Hjörtur Jónsson, f. 28.10. 1902, d. 10.8. 1963, hreppstjóri á Munaðarhóli á



Hellissandi, og Jóhanna Vigfúsdóttir, f. 11.6. 1911, d. 1996, húsmóðir og organisti á Munaðarhóli, síðar í Reykjavík.

Ætt

Hjörtur var sonur Jóns Jónssonar, hreppstjóra og formanns á Munaðarhóli á Hellissandi, og Jóhönnu Kristínar Jóhannsdóttur Mool, úr Bjarnareyjum, Sigmdóttur.

Jóhanna var dóttir Vigfúsar Jónssonar, trésmiðs á Gimli á Hellissandi, og Kristínar Jensdóttur, húsmóður frá Bjarneyjum. Snorri verður að heiman.

Sjötug

Kristjana Sigríður Pálsdóttir

starfsmaður SVR

Kristjana Sigríður Pálsdóttir, starfsmaður hjá SVR, Krummahólum 8, Reykjavík, er sjötug í dag.

Fjölskylda

Kristjana Sigríður giftist 30.6. 1951 Jóhanni Valdimar Guðmundssyni, f. 22.4. 1921 í Gilhaga í Hrutafirði. Hann er sonur Guðmundar Þórðarsonar á Borðeyri, og Ragnheiðar Guðbjargar Sigurðardóttur, frá Junkaragerði í Höfnum, Hieronymussonar.

Börn Kristjónu Sigríðar og Jóhanns Valdimars eru Helgi Vilberg, f. 22.5. 1952, bóndi í Arnardrang í Landbroti, kvæntur Sigurðisi Þorlákssdóttur og eiga þau fjögur börn og tvö barnabörn; Sigurður Svannberg, f. 11.4. 1954, bólstjóri í Reykjavík, kvæntur Kristrínu Erlendsdóttur og eiga þau þrjú syni; Guðrún, f. 21.6. 1958, kaupfélagsstjóri á Borðeyri og á hún fjögur börn; Margrét, f. 26.12. 1960, húsmóðir í Reykjavík, gift Kára Ólafssyni og eiga þau þrjú börn; Páll, f. 15.7. 1964, starfsmaður Stáliðjunnar í Kópavogi, kvæntur Helgu Kristínu Sigurðardóttur og eiga þau þrjú börn; Ragnheiður Guðbjörg, f. 7.12. 1967, húsmóðir í Reykjavík, gift Ísleifi Erlingssyni og eiga þau þrjár dætur.

Systkini Kristjónu Sigríðar: Guðjóna, nú lätin; Steingrímur Kári húsasmiðameistari; Stefán, starfsmaður Rauða Krossins; Páll Reynir,

starfsmaður Rauða Krossins.

Foreldrar Kristjónu Sigríðar voru Páll Gíslason, f. 23.7. 1903, nú lätin, vörubifreiðastjóri í Reykjavík, og Margrét Jónsdóttir, f. 18.10. 1908, nú lätin, húsmóðir.

Ætt

Páll var sonur Gísla, snikkara á Patreksfirði Sigurðssonar, bókbíndara í Vestur-Botni, Gíslasonar, pr. í Sauðlauksdal, Ólafssonar. Móðir Gísla snikkara var Ingibjörg Þorleifsdóttir, kaupmanns á Bíldudal, Jónssonar, og Ingibjargar Ólafsdóttur, í Miðhlíð á Barðaströnd, Björnssonar.

Móðir Páls var Kristjana Sigríður Pálsdóttir, b. í Pálshúsum, Stefáns-sonar, b. í Efri-Holtum II, Stefáns-sonar.

Margrét var dóttir Jóns, frá Hamri í Flóa, Nikulásssonar, frá Birnustöðum, Halldórssonar. Móðir Jóns var Vilborg Jóhannsdóttir, frá Efra-Langholti í Hrunamannasókn, Einarssonar.

Móðir Margrétar var Hugborg Helga Ólafsdóttir, b. á Núpi undir Eyjafjöllum, Ólafssonar, í Holti í Áltaveri, Ólafssonar. Móðir Hugborgar Helgu var Ragnhildur Einarssdóttir, á Ljótastöðum í Skaftártungu, Bjarnasonar.

Kristjana Sigríður verður að heiman á afmælisdaginn.



Fertug

Guðný Pálsdóttir

flugafgreiðslumaður í Kópavogi

Guðný Ólafía Pálsdóttir flugafgreiðslumaður, Sunnubraut 47, Kópavogi, verður fertug á morgun.

Starfsferill

Guðný fæddist í Reykjavík og ólst þar upp. Hún lauk stúdentsprófi frá Ármúlaskólanum í Reykjavík.

Guðný hóf störf hjá Flugleiðum fyrir fimmtán árum og starfar nú hjá Flugfélagi Íslands.

Fjölskylda

Guðný giftist 30.6. 1984 Kára Ingólfssyni, f. 16.1. 1959. Hann er sonur Ingólfs Hannessonar, f. 8.1. 1924, d. 24.7. 1990, bónda, og Sigríðar Runólfsdóttur, f. 25.11. 1925, húsfreyju.

Börn Guðnýjar og Kára eru Anna María Káradóttir, f. 12.11. 1986, nemi við Ví; Guðni Páll Kárasón, f. 17.12. 1988, nemi við Þingholtsskóla.

Bróðir Guðnýjar er Stefán Páls-son, f. 17.1. 1968, markaðsstjóri en sambýliskona hans er Rósa Bergþórsdóttir, f. 13.6. 1971, skrifstofustjóri og er dóttir Stefáns Hjördis Ylfa, f. 18.4. 1995.

Foreldrar Guðnýjar: Páll Stefáns-son, f. 10.5. 1941, d. 19.8. 1999, lengst af auglýsingarstjóri DV, og k.h., Anna Guðnadóttir, f. 20.8. 1941, húsmóðir.

Ætt

Páll var sonur Stefáns, stórkaup-



manns í Reykjavík, bróður Gísla læknis, föður Páls læknis. Stefán var sonur Páls, kaupmanns í Reykjavík, bróður Sólveigar, móður Einarss Ólgeirssonar. Páll var sonur Gísla, b. á Grund í Svarf- aðardal, bróður Kristínar, móður Páls Einarssonar, fyrsta borgarsjóra

Reykjavíkur. Móðir Stefáns stórkaupmanns var Stefania Guðmundsdóttir, hreppstjóra á Torfa- stöðum, Stefáns-sonar.

Móðir Páls auglýsingastjóra var Hildur, systir Eðvald Bremstad Malmquist, föður Guðmundar Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar. Hildur var dóttir Jóhanns Péturs Malmquist, b. í Borgargerði í Reyðarfirði, Jóhannssonar. Móðir Jóhanns Péturs var Jóhanna Indriáadóttir, hreppstjóra í Seljateigi, Ásmundssonar. Móðir Hildar var Kristrún ljósmóðir Bóasardóttir, b. á Stuðlum í Reyðarfirði, bróður Bó- elar, langömmu Geirs Hallgrímssonar. Bóas var sonur Bóasar, b. á Stuðlum Arnbjörnssonar og Guð- rúnar, systur Páls á Sléttu, afa Páls sem var afi Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðis- flokksins, og Harðar Einarssonar forstjóra.

Anna er dóttir Guðna A. Jónssonar, úr- og gullsmiðs í Reykjavík, og Ólafíu Jóhannesdóttur.

Smáauglýsingar

DV

550 5000

@
visir.is

550 5727

Pverholt 11,
105 Reykjavík

Andlát

Kristín Leifsdóttir lést á líknardeild Landspítalans laugard. 3.3.

Karen Árnadóttir lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugard. 3.3.

Skúll Pálsson lést á sjúkrahúsinu á Blönduósi laugard. 3.3.

Ólafur Helgi Þórðarson bóndi, Hlíðar- enda, Ólfusi, andaðist á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, sunnud. 4.3.

Lilja Jóhannsdóttir, Kjarnalundi, áður til heimilis á Sólvöllum 15, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugard. 3.3.

Anna Magnúsdóttir, hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, áður til heimilis í Stóragarði 23, Reykjavík, andaðist sunnud. 4.3.

Merkir Íslendingar

Sigurður Ólafsson, lyfsali í Reykjavíkur Apóteki fæddist á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi 7. mars 1916. Hann var sonur Ólafs Bjarnasonar, bónda þar, og k.h., Kristólínu Kristjánsdóttur, systur Guðbjargar, ömmu Einarss Magnússonar lyfjafræðings.

Sigurður lauk stúdentsprófi frá MR 1936, stundaði nám í læknisfræði við HÍ í tvö ár og síðan í lyfjafræði í Reykjavíkur Apóteki og Lyfjafræðingaskóla Íslands, lauk lyfjafræðiprófi 1941, stundaði framhaldsnám við Philadelphia College of Pharmacy and Science og lauk þaðan B.Sc.-prófi 1943.

Sigurður vann allan sinn starfsferil við Reykjavíkur Apótek. Þar var hann lyfjafræð-



ingur frá 1943, oft staðgengill lyfsalans frá 1950 og lyfsali í Reykjavíkur Apóteki frá 1961-1982 er hann nýtti sér lögfræðilega sérstöðu Reykjavíkur Apóteks og afhenti Háskóla Íslands lyfsölualeyfi þessa elsta apóteks landsins. Þetta gerði hann vegna þess að hann var ætíð mjög velviljaður Háskólanum og var umhugað um vandaða lyfjafræðikennslu hér á landi. Hann var síðan forstöðumaður Lyfjabúðar Háskóla Íslands til 1991.

Sigurður tók saman bókina *Lyfja- samheiti* sem er þekkt og mikið notað upplifiritið víða um heim. Hann var þrjú kosinn formaður Lyfjafræðingafélags Íslands og var auk þess formaður Apótekarafélags Íslands. Hann lést 14. ágúst 1993.

Sigurður Ólafsson

Jarðarfarir

Sigríður Guðmundsdóttir frá Þórðarkoti, Selvogi, Engjaseili 79, lést á Landspítalanum Hringbraut 2.3. Útförin fer fram frá Áskirkju mánud. 12.3. kl. 13.30.

Jóel Gautur Einarsson, Kirkjubraut 11, Seltjarnarnesi, sem lést á barnadeild Hringins laugard. 24.2., verður jarðsönginn frá Seltjarnarkirkju fimmtud. 8.3. kl. 13.30.

Hölmfríður Sólveig Kristins Sigurðssonar frá Hvassahrauni, Hlíðarbraut 4, Hafnarfirði, verður gerð frá Hafnarjarðarkirkju miðvikud. 7.3. kl. 13.30.

Hölmfríður Sólveig Ólafsdóttir, Heiðarbraut 9, Garði, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju föstud. 9.3. kl. 13.30.

Kristín U. Kristinsdóttir Gardner, elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður Fannarfelli 8, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni miðvikud. 7.3. kl. 13.30.